

Lagnafélag Íslands

Aðalfundur Lagnafélags Íslands

Fundarefni:	Samkvæmt dagskrá fundar
Fundartími:	25.05.2018, 17.00 – 18:30
Fundarstaður:	Verslun Ísleifs Jónssonar að Draghálsi 14-16
Fundarritari:	Högni H

1. Setning fundar. Jón Sigurjónsson, formaður félagsins setti fundinn.

2. Kosning fundarstjóra. Kristján Ottósson var kosinn fundarstjóri.

3. Kosning fundarritara. Högni Hróarsson var kosinn fundarritari.

4. Skýrsla stjórnar. Formaður félagsins, Jón Sigurjónsson, flutti skýrslu stjórnar. 4 stjórnarfundir voru haldnir á starfsárinu. Viðurkenningar LAFÍ „Lofsvert lagnaverk 2017“ var veitt af verndara hátíðarinnar hr. Guðna Th. Jóhannssyni forseta Íslands hjá Marel þann 26. apríl 2018 að Austurhrauni 9 í Garðabæ.

5. Reikningar kynntir. Formaður félagsins fór yfir reikninga félagsins árið 2017 í fjarveru Birgis Hólm gjaldkera. Reikningar samþykktir samhljóða.

6. Skýrslur fagraða.

Viðurkenningarnefnd. Þórður Búason flutti skýrslu nefndarinnar og fylgir hún hér með fundargerðinni í viðhengi.

7. Kosning stjórnar. Formaður: Jón Sigurjónsson. Aðrir í stjórn: Þórir Guðmundsson, Birgir Hólm, Hreggviður Sigurðsson, Högni Hróarsson, Ragnheiður Inga Þórarinsdóttir, Sigurður Símonarson.

8. Kosning 2 skoðunarmanna reikninga. Kjartan Mar Eiríksson, Friðrik Kristinsson. Til vara Guðmundur Hjálmarsson.

9. Ákvörðun um félagsgjald. Tillaga er lögð fram óbreytt félagsgjöld, í 4.300 kr. Tillagan samþykkt.

10. Önnur mál.

Fréttabréf nr. 133 er komið út og er aðgengilegt á vef LAFÍ.

Egill Skúli Ingibergsson hefur sent félaginu kveðju með þökk fyrir samstarfið á liðnum árum. Egill Skúli hefur gengt trúnaðarstörfum fyrir félagið í ára raðir en lætur nú af þeim fyrir aldurs sakir. Formanni félagsins er falið að senda Agli Skúla þakkir félagsins fyrir allt hans góða starf fyrir félagið.

Fundi slitið 18:30.

Viðhengi 1.

Skýrsla Þórðar Ólafs Búasonar formanns Viðurkenningarnefndar Lagnafélags Íslands til aðalfundar

Lagnafélag Íslands veitti Marel á Íslandi viðurkenningu fyrir höfuðstöðvar Austurhrauni 9 Garðabæ og öllum tengdum aðilum fyrir endurbyggingu á hluta innviða og endurgerð stjórnbúnaðar hús- og lagnakerfa þó að um væri að ræða verk í löngu fullgerðu húsi þar sem frábær undirbúningur og ekki síst góð samvinna allra aðila, allt frá hönnun stjórnbúnaðar að síðasta frágangi kerfanna, vakti athygli.

Forseti Íslands Herra Guðni Th. Jóhannesson afhenti viðurkenningar.

Um er að ræða lofsvert lagnaverk meðal byggingarframkvæmda ársins 2017. Eins og segir í umsögn dómnefndar LAFÍ: Má þar sjá vitnisburð um heilbrigðan metnað, góða stjórnun, einstaka samvinnu allra aðila og vönduð verk.

LAFÍ hefur nú veitt viðurkenningar fyrir frábær lagnaverk á Íslandi í nærri þrjátíu ár. Flest árin, hafa það verið verk í nýbyggingum, sem þóttu bera af varðandi rými, undirbúning, hönnun, uppsetningu og frágang.

Viðurkenningarnefnd skipuðu sérfræðingar LAFÍ eins og mörg undanfarin ár, þeir Ólafur Bjarnason, Hilmar Hjartarson, Kristján Nielsen og Þórður Ólafur Búason. Fyrir nefndina starfaði að vanda spunameistari Lagnafélagsins, Kristján Ottósson.

Viðurkenningarnefndin íhugaði mörg verk sem þóttu koma til greina, sem verk ársins. Fljótlega voru nokkur felld út þar sem þau voru augljóslega ekki tilbúin. Má þar nefna hótél Flugleiða við Mývatn og þjónustubygging við Keflavíkurlugvöll. Fjögur verk voru svo skoðuð: Nýbygging húsnæðis Þjóðminjasafns og Minjastofnunar að Tjarnarvöllum 11 í Garðabæ. Nýbygging húsnæðis Flugleiða að Flugvöllum 1 í Hafnarfirði. Nýbygging húsnæðis Stofnunar Vigdísar að Brynjólfsgötu 1 í Reykjavík. Endurbætur á höfuðstöðvum Marel á Íslandi að Austurhrauni 9 í Garðabæ.

Lagnafélag Íslands fagnar góðum árangri með Marel og öllum aðilum sem unnu fyrir Marel í þessu verki og var aldrei vafi í huga nefndarmanna þótt ekki væri um nýbyggingu að ræða.

Einnig er við hæfi eins og oft áður að viðurkenningar hljóti lagnamenn sem starfað hafa með LAFÍ og fyrir lagnaiðnaðinn á Íslandi. Nú voru það þeir Ragnar Kristinsson sem hefur átt farsælt ævistarf að lagnavinnu og hönnun og Guðni A, Jóhannesson sem stutt hefur menntun, starf og rannsóknir á sviði lagnamála á Íslandi og unnið fyrir, með og í Lagnafélagi Íslands.

Það hafa verið forréttindi að fá að starfa um árabíl með óeigingjörnum fagmönnum að svona verkefnum fyrir Lafi og vonandi tekst okkur öllum að gleðjast sem oftast yfir góðum árangri.

Það er alltaf spurning hjá samtökum eins og LAFÍ hvernig haga á starfinu til þess að laða fagmenn að til þess að starfa með félaginu að framgangi lagnamála. Mitt mat að þennan vettvang eigi ekki að vanrækja.

Að lokum langar mig til að nefna að við Egill Skúli Ingibergsson vorum nýlega á kynningu burðarvirkissérfræðinga á helstu forsendum fyrir nýja byggingu aðgerðarhúss ríkisspítala í nýjum kjarna í Reykjavík. Og takið eftir lagnamenn! Nýjustu alþjóðlegir staðlar leggja nú svo mikla áherslu á öryggi og stöðugleika í þjónustu lagnakerfa í þannig sjúkrahúsum, að burðarþolssérfræðingar nefna það fyrst af öllu þegar fjallað eru um mannvirkin. Vonandi eru slík eðlileg sjónarmið varðandi lagnir í byggingum, merki um það sem lagnamenn eiga eftir að upplifa í öllum undirbúningi, stjórnun og framkvæmdum vegna nýbygginga í framtíðinni.